

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hraungerðishrepps 2003-2015, skilmálabreytingar fyrir íbúðarbyggð, landbúnaðarsvæði og frístundabyggð, Flóahreppur.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 8. júlí 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hraungerðishrepps frá 28. mars 2006.

Breytingin felst í samræmingu ákvæða aðalskipulags fyrrum Hraungerðishrepps, Gaulverjabæjarhrepps og Villingaholtshrepps um heimild til að reisa stök íbúðar- og frístundahús á landbúnaðarsvæðum, hámarksstærð nýrra svæða fyrir frístundabyggð og nýrra íbúðarsvæða í dreifbýli, skilgreiningum á stærðum lóða og nýtingarhlutfalli, sbr. greinargerð breytingarinnar og auglýsingu í Lögbirtingablaðinu frá 23. október 2008.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 8. júlí 2009.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 22. júlí 2009